

**Sp.**

**336. Fyrirspurnir.**

[204. mál]

I. Til dómsmálaráðherra um vistun ósakhæfra afbrotamanna.

Frá Árna Gunnarssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvað margir geðveikir afbrotamenn hafa verið metnir ósakhæfir, en ekki dæmdir í öryggisgæslu?
2. Eru mál öryggisgæslufanga endurskoðuð reglulega, eins og lög gera ráð fyrir?
3. Hefur dómsmálaráðherra reynt að fá ósakhæfan geðsjúkling, sem lengi hefur dvalið í fangelsi, innlagðan á geðsjúkrahús til meðhöndlunar og aðhlyningar?
4. Hvar fer geðrannsókn á afbrotamönnum fram og hvaða aðilar bera kostnaðinn af rannsókninni?
5. Hversu oft hefur ákvæði 62. gr. refsilaga verið beitt um vistun ósakhæfra manna á viðeigandi stofnun?
6.
  - a) Til hvaða stofnana hefur verið leitað þegar slíkur úrskurður liggur fyrir?
  - b) Hafa stofnanir, sem til hefur verið leitað, synjað um slíka vistun?
  - c) Ef svo er, geta yfirmenn heilbrigðisstofnana gengið í berhögg við úrskurð dómstólanna?

II. Til sjávarútvegsráðherra um tilraunageymi til veiðarfærarannsóknna.

Frá Stefáni Guðmundssyni.

Hafa farið fram athuganir á uppsetningu tilraunageymis til veiðarfærarannsóknna samkvæmt ályktun Alþingis frá 7. maí 1981?

Ef svo er:

- I. Hver verður þá framgangur málsins?
- II. Hver er kostnaðaráætlun framkvæmda?
- III. Hver er áætlaður rekstrarkostnaður?